



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við fátækt barna

Þann 15. mars 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um viðbrögð við fátækt barna:

Fátækt er brot á mannréttindum barna og ber okkur samfélagsleg skylda til að tryggja að ekkert barn sé utangarðs vegna fátæktar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort Reykjavíkurborg sé með slíka stefnu eða áætlun til að uppræta fátækt barna í Reykjavík? Í nýrri skýrslu Barnaheilla kemur fram að um 10 þúsund íslensk börn búa við fátækt og að fátækt hafi aukist. Eins og Barnaheill segja, þá er eitt barn sem elst upp við fátækt á Íslandi einu barni of mikið. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að árið 2021 áttu 24,1% íslenskra heimila í erfiðleikum með að standa straum af daglegum útgjöldum. Í rúmlega helmingi tilfella voru það heimili einstæðra foreldra og 16,1% voru heimili tveggja eða fleiri fullorðinna með börn. Verðbólga og hækkun vaxta hefur aukið greiðslubyrði fjölskyldna af húsnæðislánnum, leiguverð hefur hækkað og allur framfærslukostnaður. Eitt af hverjum fimm börnum sem búa í leiguhúsnæði eiga á hættu að falla í fátækt. Flokkur fólksins tekur undir með Barnaheillum að það er mjög mikilvægt að gera stefnu og áætlun til að tryggja öllum börnum á Íslandi jöfn tækifæri til menntunar, heilsu, verndar og þátttöku.

Svar

Tekið er undir áhyggjur fulltrúa Flokks fólksins um þá staðreynd að verðbólga og hækkun vaxta hefur aukið greiðslubyrði fjölskyldna af húsnæðislánnum og húsaleigu sem bitnar mest á þeim tekjulægstu. Í skýrslu um *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016*, sem unnin var fyrir Velferðarvaktina voru lagðar fram fjórar tillögur. Brúa umönnunarbilið, auka tilfærslur til einstæðra foreldra, ókeypis skólamáltíðir og aukin niðurgreiðsla tómsundastarfs. Að mati velferðarsviðs eiga þessar tillögur enn við en ljóst að framkvæmd þeirra liggur bæði á höndum ríkis og sveitarfélaga.

Að mati velferðarsviðs hafa breytingar sem gerðar voru á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg árið 2021, á grundvelli markvissra aðgerða og tillagna sem settar voru fram í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra frá 2020, leitt til mikilvægs stuðnings til foreldra. Nú eru börnum, sem eiga foreldra sem þurfa á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda, tryggðar þjónustugreiðslur til að mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í átta tíma á dag og til dvalar á frístundaheimili fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Við breytingarnar var jafnframt fellt úr gildi að foreldrar yrðu að hafa nýtt sér frístundarkort til að geta fengið styrk til greiðslu frístunda. Velferðarsvið hefur einnig yfir að ráða ýmsum úrræðum til stuðnings börnum og fjölskyldum þeirra. Þar má m.a. nefna úrræðin Tinnu og Ellu þar sem áhersla er lögð á valdeflingu og notendasamráð með það að markmiði að styðja foreldra til náms, atvinnuþátttöku eða annarrar virkni. Á fundi borgarráðs þann 8. júní 2023 var síðan samþykkt framhald tilraunaverkefnis um frístundir í Breiðholti og að aðferðir og reynslan af verkefninu verði nýtt í öðrum borgarhlutum. Það er þó ljóst að til að koma megi í veg fyrir barnafátækt á



Íslandi þarf að grípa til fjölbreyttra aðgerða í samstarfi ríkis, sveitarfélaga, lánastofnana, atvinnurekanda og stéttarfélaga.

Hvað ábyrgð velferðarsviðs varðar er í allri vinnu velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra unnið út frá heildrænni og fjölskyldumiðaðri nálgun. Í því felst m.a. að leitast er við að tryggja að þau börn sem eiga foreldra sem þurfa á fjárhagsaðstoð til framfærslu að halda eða búa við erfiðar félagslegar aðstæður sé mætt á grundvelli þarfa hvers og eins m.a. með fjárhagslegum stuðningi á grundvelli 16. og 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Í ljósi alls ofangreinds og þeirrar áætlavinnu á velferðarsviði sem leiddi til að sérstökum aðgerðum var hrint úr vör til að koma í veg fyrir afleiðingar fátæktar og þá sérstaklega vinnu stýrihóps sem vann aðgerðaáætlun gegn sára fátækt 2020, telur velferðarsvið að áætlun sé til staðar til að bregðast við fátækt. Því er ekki talin þörf á, að setja af stað sérstaka stefnumótunarvinnu í þessu tilliti.